

Morgunsigling

Lag: Franskt lag frá 18. öld

og sænskur texti eftir Carl Michael Bellan (Fredmans epistel 48)

Ljóð: Höskuldur Práinsson.

Fögur er sú morgunmynd,
merlar vatnið bjarta.
Hægt og blítt nú hreyfir vind,
horfin nóttin svarta.
Bráðum seglið byrinn fær,
brosir okkar glaða mær.
Úlla veitti yl í gær.
Engin þörf að kvarta.

Syngdu, Úlla, syngdu með,
sólargeislar ljóma.
Leikur frjálst þitt ljúfa geð,
létt er pyngjan tóma.
Nú má taka nál og þráð,
nú má festa hnapp í bráð.
Enda kann við öllu ráð
ástargyðjan fróma.

Fegurð hennar alþekkt er,
um það skáldin ríma.
Sestu, Úlla, sestu hér,
sefa ástarbríma.
Ekki verður leiðin löng,
líður fljótt við glaðan söng.
Mjúka, blíða menjaspöng,
missum engan tíma.